

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 240,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjálss aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. apríl 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 403 31. október 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innflutning á geislatækjum, er framleiða útfjólubláa geisla, nr. 449/1982, með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. málsg. 3. gr. orðist svo:

Skoðunargjald að upphæð kr. 4 000,00 skal fylgja með umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breyting á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.